

AUGLÝSING

um samning við Úrúgvæ um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum í Montevideo 8. ágúst 1991 var gengið frá samningi milli Íslands og Úrúgvæs um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlaðist gildi 8. ágúst 1991.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. ágúst 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag við Sovétríkin.

Hinn 8. ágúst 1991 var undirrituð í Moskvu bókun milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um gagnkvæmar vöruafgreiðslur á árunum 1991-1992.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. ágúst 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna
um gagnkvæmar vöruafgreiðslur á árunum 1991-1992

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna,

— staðfesta áhuga sinn á frekari þróun viðskiptasamstarfs milli Íslands og Sovétríkjanna báðum aðilum til hagsbóta,

— viðurkenna mikilvægi langtímaráðstafana til að stuðla að stöðugri þróun, eflingu og útvíkkun samstarfs Íslands og Sovétríkjanna á grundvelli jafnréttir og gagnkvæms hags,

— gera sér grein fyrir mikilvægi starfsins innan ramma

Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu,

og hafa því ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Gagnkvæmar vöruafgreiðslur milli Íslands og Sovétríkjanna á tímabilinu 1. janúar 1991 – 31. desember 1992 skulu fara fram á grundvelli lista 1 og 2 sem fylgja hér með.

Aðilar skulu báðir leitast við að þróa viðskiptin milli landanna tveggja þannig að þau séu sem mest og að í þeim ríki jafnvægi, svo og að stuðla að sameiginlegri framleiðslu með því að setja á fót sameiginleg fyrirtæki og stofna til annarskonar samstarfs með hverjum þeim hætti sem íslenskir einstaklingar og lögaðilar og sovískir aðilar að efnahagstengslum við útlönd kunna að verða ásáttir um.

2. gr.

Framangreindum listum 1 og 2 er ekki ætlað að takmarka viðskiptin. Íslenskir einstaklingar og lögaðilar og sovéskir aðilar að efnahagstengslum við útlönd geta gert samninga um afhendingu vara sem ekki er að finna í listunum.

3. gr.

Gagnkvæmar vöruafhendingar samkvæmt bókuninni skulu fara fram í samræmi við ákvæði viðskipta- og greiðslusamningsins milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 með þeim breytingum sem gerðar voru á honum með bókuninni frá 31. október 1965, svo og í samræmi við skilyrðin í orðsendingunum sem aðilarnir tveir skiptust á hinn 25. maí 1927.

Í þessu sambandi skal ofangreindur samningur, eins og honum hefur verið breytt, ásamt erindunum, halda gildi sínu til 31. desember 1992, jafnframt því sem gildistími samningsins og erindanna getur framlengst eins og gert er ráð fyrir í þar að lútandi ákvæðum samningsins og erindanna.

4. gr.

Vöruafgreiðslur samkvæmt bókuninni skulu fara fram á grundvelli samninga sem gerðir verða milli viðkomandi íslenskra einstaklinga og lögaðila og sovéskra aðila að efnahagstengslum við útlönd.

5. gr.

Fulltrúar aðilanna tveggja skulu halda fundi eftir þörfum, til skiptis í Reykjavík og Moskvu, til að ræða hversu miði um framkvæmd bókunar þessarar og leggja eftir þörfum á ráðin um þróun viðskiptasamstarfsins milli Íslands og Sovétríkjanna.

6. gr.

Aðilarnir tveir skulu eigi síðar en í júní 1992 semja um áframhaldandi þróun viðskiptasamstarfsins milli Íslands og Sovétríkjanna á árunum 1993 - 1995 og taka þá tilhlýðilegt tillit til þess árangurs í viðskiptum sem náðst hefur innan ramma bókunar þessarar.

7. gr.

Bókun þessi skal ganga í gildi á undirritunardegi. Þó skal ákvæðum hennar beitt frá og með 1. janúar 1991.

Gjört í Moskvu hinn 8. ágúst 1991 í tveimur eintökum, hvoru um sig á íslensku og rússnesku, og skulu textar beggja tungumálanna vera jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn Íslands
Ólafur Egilsson

Fyrir ríkisstjórn Sovétríkjanna
Ju. P. Ledentsov

LISTI 1

um árlegar afgreiðslur vara
frá Sovétríkjunum til Íslands
árin 1991–1992

Vélar og tæki (m.a. tæki til virkjana, vélar til vegagerðar, tæki fyrir matvælaíðnað, verkfæri)
samgöngutæki

bensín

gasolía

svartolía

niðursagað timbur

málmvörur

rækjur

ýmsar vörur (m.a. áburður, spónn, spónaplötur, eldspýtur, efnavörur, úr, vín og aðrir áfengir drykkir)

LISTI 2
um árlegar afgreiðslur vara
frá Íslandi til Sovétríkjanna
árin 1991–1992

Freðfiskur
saltsíld
niðursoðið og niðurlagt fiskmeti
ullarvörur
málning og lökk
vélar og tæki til nota í fiskiðnaði
ýmsar vörur (m.a. leður- og skinnvörur, skófátnaður, umbúðir og öskjur úr pappa, veiðarfæri, málmvörur viðskiptalegs eðlis og kísilgúr)

AUGLÝSING
um viðskiptasamning við Eistland.

Hinn 26. ágúst 1991 var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli Íslands og Eistlands. Hann öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. ágúst 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

AGREEMENT
on Economic and Trade Cooperation between the Republic of Iceland
and the Republic of Estonia

The Republic of Iceland and the Republic of Estonia hereinafter referred to as the High Contracting Parties

— recalling the fruitful experience of the former Icelandic-Estonian Cooperation in the economic field which was embodied by the Trade Agreement between the Republic of Iceland and Estonia of 1923,

— convinced of the need to renew the economic relations in conformity with the principles of equal rights and mutual benefits,

— bearing in mind the guidelines set forth by the CSCE Bonn Conference on Economic Cooperation,

— considering that the promotion of Icelandic-Estonian economic relations will facilitate Estonian participation in the community of European states,